

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 87/2013****2013/EES/61/37****frá 3. maí 2013****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2012 frá 20. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 454/2011 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfið „fjarvirknibúnaður fyrir farþegaflutninga“ í samevrópska járnbrautakerfinu ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 37dj (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 454/2011) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32012 R 0665**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2012 frá 20. júlí 2012 (Stjtið. ESB L 194, 21.7.2012, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 665/2012, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. maí 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. maí 2013.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 194, 21.7.2012, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.